



Reykjavík, 23. Maí 2011

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

**Umsögn Samtakanna '78 – Félags hinsegin fólks á Íslandi um frumvarp til laga um barnalög, 778. mál.**

Samtökin '78 lýsa yfir mikilli ánægju með frumvarp þetta, en vill þó leggja fram eftirfarandi ábendingar:

Margar góðar tillögur að breytingum og má þar nefna að hér er gerð tilraun til að skilgreina frekar hugtök og innihald forsjár, umgengni og búsetu barna.

Í framvarpinu er jafnframt lagt til að barnaverndarnefnd komi ekki á neinn hátt að málum sem unnin er á grundvelli barnalaga. Þetta er mikil og jákvæð breyting og stuðlar að hreinni og skýrari málsmeðferð. Sú sérfræðiráðgjöf sem lagt er til að sýslumannsembættin bjóði uppá mun geta stuðlað að því að fleiri foreldrar nái sátt um það á hvern hátt forsjá og umgengni þeirra verði við barnið/börnin í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita. Hér þarf þó að undirstrika þörfina á því að þeir sérfræðingar sem sinna þessu starfi vinni út hagsmunum barnsins og heildarsýn. Hann þarf jafnframt að hafa traustan faglegan grunn til að vinna á og geta unnið með ólíkum og fjölbreyttum fjölskyldum.

Í 4. mgr. 12. gr er fjallað um að sáttamaður eigi að vera hlutlaus, en það er afar mikilvægt þegar aðstoða á foreldra við að finna þá lausn á forsjá og umgengni sem hentar högum og fjölskyldunni best. Hlutleysi hans hlýtur þó að markast af því að allar ákvarðanir sem teknar eru þurfa að miðast út frá þörfum og hagsmunum barnsins.

Í 2. mgr. 17. gr. kemur fram að „foreldri sem barn býr hjá er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmæltis stjórnvalds“. Hér vakna spurningar um hvernig og út frá hvaða gögnum dómari eða lögmætt stjórnvald geti metið hvort umgengni sé andstæð hag og þörfum barnsins og hver það þá er sem þarf að útvega þau gögn sem matið á að byggjast á.

Í 4. mgr. 19. gr. kemur fram að „þegar sérstök ástæða er til getur sýslumaður mælt svo fyrir í úrskurði að umgengni skuli fara fram undir eftirliti sérfræðings í málefnum barna“. Hingað til

hafa starfsmenn barnaverndarnefnda oftast sinnt þessu hlutverki en þar sem barnaverndarnefnd mun ekki hafa neitt hlutverk skv. þessu frumvarpi vakna spurningar um hvaðan þessi sérfræðingur eigi að koma.



Fyrir hönd Samtakanna '78

Árni Grétar Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri